



Menningar-, íþróttá- og tómsfundaráð

Borgartúni 14
105 REYKJAVÍK

Tímasetningar sundkennslu eldri borgara - tilv. R19100351

Á fundi borgarráðs 17. október 2019 var lögð fram eftirfarandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Flokkur fólksins leggur til að menningar- íþróttá- og tómsfundaráð skoði tímasetningar sundkennslu eldri borgara. Sumum eldri borgurum finnst tíminn 7.30 miður heppilegur. Í það minnsta mætti skoða að hafa annað sundnámskeið síðar að morgninum. Margt eldra fólk tekur lyf snemma morguns og telur sig ekki tilbúið í sundkennslu eld snemma morguns. Myrkur er auk þess að morgni yfir vetrartímam. Margt eldra fólk á erfitt með að aka bíl í myrkri. Mestu umferðarvandræðin eru frá kl. 7.30 til 9.30. Þeir sem búa ekki skammt frá Sundhöll Reykjavíkur lenda því iðulega í mikilli umferð á leiðinni heim að loknu sundnámskeiði. Heppilegur tími fyrir sundkennslu fyrir eldri borgara er frá Kl. 10 til 12 eða 11 til 13. Þá er ívið minni umferð. Þessi breyting myndi ríma við umræðuna um að dreifa álagi og umferð.

Tillögunni var vísað til meðferðar menningar-, íþróttá- og tómsfundaráðs.

Vegna skólasunds í Sundhöllinni er þetta eini tíminn sem hægt er að bjóða uppá á dagtíma og yfir vetrarmánuðina.


Ómar Einarsson.